

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 92/113/EBE**frá 16. desember 1992****um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fódri**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/99/EBE ⁽²⁾, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að efni viðauka hennar verði breytt reglulega með hliðsjón af framförum á sviði vísinda- og tækniþekkingar. Viðaukarnir hafa verið kerfisskráðir með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/248/EBE ⁽³⁾.

Umfangsmiklar prófanir hafa verið gerðar á notkun rotvarnarefnisins metýlprópíónsýru í tilteknum aðildarríkjum. Svo virðist sem unnt sé að heimila notkun á þennan nýstárlega hátt hvarvetna í bandalaginu á grundvelli fenginnar reynslu.

Ráðlegt er að setja sérákvæði um blöndun jöðs í fódur til að koma í veg fyrir að það hafi óheppileg áhrif á tilteknar tegundir.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fódur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

I. viðauka við tilskipun 70/524/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum hér á eftir.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 30. júní 1993. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. desember 1992

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 350, 1. 12. 1992, bls. 83.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 124, 18. 5. 1991, bls. 1.

VIÐAUKI

1. Í G-hluta „Rotvarnarefni“ bætist við eftirfarandi:

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					heilfóður, mg/kg		
E 285	Metýlprópiónsýra	C ₄ H ₈ O ₂	Jórturdýr við upphaf jórturs	—	1 000	4 000	—

2. Í I-hluta „Snefilefni“ bætist eftirfarandi liður við í stað liðarins E 2 „Joð-I“:

EBE-nr.	Þáttur	Aukefni	Efnaformúla	Hámarks- magn frumefnisins	Önnur ákvæði
				í mg/kg heilfóðurs	
E 2	Joð-I	Kalsíumjodát	Ca(IO ₃) ₂ · 6 H ₂ O	} Hestar: 4 (alls) } Aðrar tegundir eða } flokkar dýra: 40 (alls)	—
		Vatnsfirt kalsíumjodát	Ca (IO ₃) ₂		—
		Natríumjodíð	NaI		—
		Kalíumjodíð	KI		—